

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1987.)

1. gr.
7. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.
2. gr.
8. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er lækkaður verður kosningarréttaraldur, svo sem ráðgert er í frumvarpi til stjórnarskipunarlags um breyting á 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, og nú hefur verið lagt fyrir Alþingi til staðfestingar, þykir eðlilegt að önnur aldursmörk, sem byggja á líkum sjónarmiðum um almennan þroska og hæfni til að taka ákvarðanir í eigin málefnum, verði lækkuð með samsvarandi hætti. Þykir þetta eiga við um lagaákvæði um giftingaraldur karlmanna í lögum um stofnun og slit hjúskapar (7. gr.). Núgildandi lagaákvæði um 21 árs aldursmark er að visu undanþægt, en hvorttveggja er, að eðlilegra þykir að hafa í þessu efni fullt samræmi, svo og hitt, að leyfum til undanþágu frá þessu aldursmarki hefur fjölgað hin síðari ár svo mikið að ótvírætt þykir sýna breytt viðhorf. Jafnframt þykir eðlilegt að lækka með sama hætti aldursmark laganna í 8. gr., þar sem tilskilið er samþykki foreldra fyrir vígslu barna þeirra yngri en 21 árs.

Þess skal getið, að hinar norrænu nefndir, sem starfa saman að endurskoðun hinna norrænu hjúskaparlaga, sem eru í höfuðatriðum samhljóða, hafa orðið sam-mála um að gera tillögu um, að giftingaraldur karlmanna verði lækkaður í 20 ár. Ekki hefur þó komið til lögfestingar þeirra ákvæða í neinu landinu enn þá.